

Gátlisti fyrir umsjónarkennara

– atriði til undirbúnings komu nýs nemanda

1. Undirbúa bekkinn fyrir komu nýs nemanda.
2. Kynna nýjan nemanda fyrir sérgreinakennurum og öðru starfsfólki.
3. Fá starfsfólk á útivakt til að fylgjast vel með nýjum nemanda í frímínútum.
4. Finna nemendur innan bekkjarins sem vilja vera í vinateymi nýja nemandans fyrstu vikurnar. Vinateymið er samsett af nemendum sem skiptast á um eftirtalin verkefni:
 - a. Fylgd á milli staða.
 - b. Leika í frímínútum.
 - c. Jafnvel leikið eftir skóla.
5. Athuga hvort nemandinn taki með sér skólabækur frá þeim skóla sem hann var í áður til að sjá stöðuna og setja hann inn í verkefni.
6. Ef um nemanda með íslensku sem annað mál er að ræða:
 - a. Leitast við að kynna sér menningu og siði í því landi sem nemandinn er að flytjast frá.
 - b. Gera heimamenningu sýnilega með myndum frá landinu, fána og korti (hægt að biðja nýja nemandann um myndir).
 - c. Kynna sér kveðjur og algeng orð á móðurmáli nemandans.
 - d. Fá nemendur til að merkja helstu hluti í skólastofunni.
 - e. Ræða við bekkinn um leiðir til að kenna nýja nemandanum íslensku.
 - f. Leggja áherslu á að tala frekar íslensku en ensku við nýja nemandann.

g. Fá bekkinn til að búa til orðabók með mikilvægum orðum og setningum sem geta nýst nemandanum fyrstu dagana.

h. Leggja áherslu á að allir læri að skrifa og bera fram nafn nýja nemandans á réttan hátt.

i. Leikir sem ekki reyna á tungumálið geta verið góð leið til að brjóta ísinn.

7. Ef um fatlaðan nemanda er að ræða:

a. Kynnið fötlunina fyrir bekkjarfélögum í samráði við foreldra.

b. Leggið áherslu á að nemendur umgangist fatlaðan nemanda eðlilega.

c. Fáíð nemendum hlutverk í að aðstoða nýja nemandann.

d. Reynið að skipuleggja kennsluna á þann hátt að stuðningsaðili sem fylgir fatlaða nemandanum kynnist öðrum nemendum bekkjarins og aðstoði þá til jafns við umsjónarkennara.